

## 77. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 30. september 2009, kl. 12:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### Dagskrá:

1. Rekstur Blönduósbæjar fyrstu 8 mánuði
  2. Fundargerðir:
    - a) Norðurá bs. frá 8. júlí 2009
    - b) Norðurá bs. frá 17. ágúst 2009
    - c) SSNV frá 15. september 2009
    - d) Hafnarsambandsins frá 17. september 2009
    - e) Heilbrigðisnefndar 2. september 2009
  3. Erindi frá Leið ehf. dags. 18. september 2009
  4. Ársskýrsla Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna
  5. Ársreikningur Félagsheimilisins á Blönduósi
  6. Erindi frá Skíðadeild Tindastóls dags. 17. september 2009
  7. Bréf frá Sveitarfélaginu Skagafirði dags. 11. september 2009
  8. Bréf frá SSNV dags. 9. september 2009
  9. Blönduóskirkja ósk um styrkveitingu
  10. Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 8. og 11. september 2009
  11. Atvinnumál
  12. Önnur mál
- 

### Afgreiðslur:

1. **Rekstur Blönduósbæjar fyrstu 8 mánuði**  
*Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu reksturs og fjárfestinga Blönduósbæjar fyrstu 8 mánuði ársins 2009.*  
  
*Bæjarráð vísar rekstrarskýrslu fyrstu 8 mánuði ársins til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.*
2. **Fundargerðir:**
  - a) **Norðurá bs. frá 8. júlí 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
  - b) **Norðurá bs. frá 17. ágúst 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
  - c) **SSNV frá 15. september 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
  - d) **Hafnarsambandsins frá 17. september 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
  - e) **Heilbrigðisnefndar 2. september 2009**  
*Lögð fram til kynningar*
3. **Erindi frá Leið ehf. dags. 18. september 2009**  
*Lagt fram erindi frá Leið ehf. varðandi opinn fund um aðalskipulag og vegamál á Norðurlandi í Húnaveri, laugardaginn 3. október 2009.*

Bæjarráð samþykkir að fundarboðendum verði sendar þær ályktanir sem samþykktar hafa verið varðandi þessi mál hjá sveitarfélaginu sem og stöðu málsins með tilliti til vinnslu aðalskipulags og svæðisskipulags.

**4. Ársskýrsla Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna**

Lögð fram til kynningar

**5. Ársreikningur Félagsheimilisins á Blönduósi**

Ársreikningur Félagsheimilisins lagður fram.

Bæjarráð samþykkir ársreikninginn.

**6. Erindi frá Skíðadeild Tindastóls dags. 17. september 2009**

Skíðadeild Tindastóls óskar eftir styrktarsamningi til uppbyggingar og reksturs skíðadeildar.

Bæjarráð hafnar erindinu.

**7. Bréf frá Sveitarfélaginu Skagafirði dags. 11. september 2009**

Sveitarstjórn Skagafjarðar staðfesti á fundi sínum 8. september sl. afgreiðslu Skipulags- og bygginganefndar Skagafjarðar. Eftirfarandi var bókað á fundi nefndarinnar þann 2. september sl.: **"Bréfriturum eru þakkaðar góðar ábendingar og tillögur. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að verða við beiðnum þeirra um viðræður og skipulagsmörk verði leiðrétt á skipulagstímanum í samræmi við niðurstöður viðræðna."**

Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa viðræður við Skagafirðinga um skipulagsmörkin.

**8. Bréf frá SSNV dags. 9. september 2009**

Erindi frá stjórn SSNV þar sem óskað er eftir að sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu tilnefni tvo fulltrúa í starfshóp sem kanna á möguleika á frekara samstarfi og samþættingu félags- og skólajónustu á Norðurlandi vestra.

Tilnefningar skulu liggja fyrir næsta fundi bæjarráðs.

**9. Blönduóskirkja ósk um styrkveitingu**

Blönduóskirkja óskar eftir styrk frá Blönduósbæ og viðræðum um endurnýjun á samningi.

Bæjarráð samþykkir styrkveitingu sbr. fjárhagsætlun Blönduósbæjar fyrir árið 2009.

Endurnýjun samnings er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunargerðar og bæjarstjóra falið að afla frekari gagna og upplýsinga.

**10. Bréf frá Jónasi Skaftasyni dags. 8. og 11. september 2009**

Lögð fram til kynningar.

**11. Atvinnumál**

Bæjarstjóri fór yfir stöðu gagnavers á Blönduósi.

**12. Önnur mál**

Engin önnur mál

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 13:40*

*Kári Kárason(sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson(sign.)*